

# FUNDARGERÐ

## 590. fundar sveitarstjórnar Mýrdalshrepps

Árið 2019, fimmtudaginn 20. júní, kom sveitarstjórn Mýrdalshrepps saman til fundar kl. 16:00 í Kötlusetri, Víkurbraut 28 í Vík.

Fundinn sátu: Einar Freyr Elínarson, Drífa Bjarnadóttir, Ingi Már Björnsson, Ragnheiður Högnadóttir og Páll Tómasson.

Að auki sat fundinn Þorbjörg Gísladóttir sveitarstjóri, sem ritaði fundargerðina í tölvu.

Oddviti setti fundinn og stjórnaði honum og leitaði afbrigða til að taka eftirtalin mál á dagskrá fundarins:

I – 3. Fundargerð 269. fundar skipulagsnefndar Mýrdalshrepps, haldinn 19. júní 2019.

II – 5. Ályktun frá búnaðarfélagi Hvammshrepps.

III – 10. Viðtalstími sveitarstjórnarmanna

III – 11. Minnisblað af íbúafundi.

III – 12. Lánveiting til Hjallatúns.

III – 7. Umsókn um lóðina Sunnubraut 33.

Í fundarboði var fyrir mistök í þessum lið tiltekin Víkurbraut 16.

*Afbrigðin voru samþykkt.*

**Þetta var tekið fyrir:**

**1. Verkefni sveitarstjóra.**

Sveitarstjóri gerði grein fyrir verkefnum síðustu vikna.

**2. Fundargerð rekstrarnefndar Hjallatúns.**

Lögð fram til kynningar fundargerð 181. fundar rekstrarnefndar Hjallatúns frá 27. maí 2019.

**3. Umsókn um lóðina Sunnubraut 33.**

Fram var lögð umsókn um lóðina Sunnubraut 33 í Vík frá Bergrúnu ehf., kt. 460218-3060.

Páll Tómasson vikur af fundi undir þessum lið.

*Sveitarstjórn samþykkir úthlutunina*

Páll Tómasson kemur aftur inná fundinn.

**4. Fundargerð 268. fundar skipulagsnefndar.**

George Frumuselu skipulags- og byggingarfulltrúi sat fundinn undir þessum lið.

Lögð fram fundargerð 268. fundar skipulagsnefndar Mýrdalshrepps frá 13. júní 2019.

Eftirfarandi liðir eru til staðfestingar í sveitarstjórn:



- 4.1. Mylluland 9 – Umsókn um stöðuleyfi.  
Nefndin samþykkti stöðuleyfið.  
Ingi Már vikur af fundinum.  
*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*
- 4.2. Sunnubraut 27 – Umsókn um stöðuleyfi.  
Nefndin samþykkti stöðuleyfið.  
*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar*  
Ingi Már kemur aftur inn á fundinn.
- 4.3. Sunnubraut 18 – Umsókn um byggingarleyfi.  
Drífa Bjarnadóttir vikur af fundi undir þessum lið.  
Nefndin samþykkti umsóknina.  
*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*  
Drífa kemur aftur inn á fundinn.
- 4.4. Þéttbýlisuppráttur – Breyting á aðalskipulagi.  
Nefndin samþykkti tillögu að breytingu á þéttbýlisupprætti aðalskipulags Mýrdalshrepps.  
*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*
- 4.5. Strandvegur 16 – Umsókn um byggingarleyfi.  
Nefndin samþykkti umsóknina með fyrirvara um grenndarkynningu og fól skipulags- og byggingarfulltrúa að ljúka málinu.  
*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar en felur jafnframt byggingarfulltrúa að kynna framkvæmdina fyrir öllum húseigendum við Strandveg.*

Aðrir liðir fundargerðarinnar lagðir fram til kynningar.

## 5. Fundargerð 269. fundar skipulagsnefndar

Lögð fram fundargerð 269. fundar skipulagsnefndar Mýrdalshrepps frá 19. júní 2019.  
Eftirfarandi liðir eru til staðfestingar í sveitarstjórn:

- 5.1. Mánabraut 16 – 24 og Sunnubraut 17 – 25 – Umsókn um byggingarleyfi.  
Nefndin samþykkti umsóknina með fyrirvara um grenndarkynningu og fól skipulags- og byggingarfulltrúa að ljúka málinu.  
*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*
- 5.2. Sunnubraut 33 – Umsókn um stöðuleyfi.  
Páll Tómasson vék af fundi undir þessum lið.  
Nefndin samþykkti umsóknina með fyrirvara um samþykkt sveitarstjórnar á úthlutun lóðarinnar.  
*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*  
Páll kemur aftur inn á fundinn.
- 5.3. Austurhluti Víkur – Breyting á aðalskipulagi.  
Nefndin samþykkti breytingarnar og fól skipulags- og byggingarfulltrúa að ljúka



Handwritten signatures and initials in the bottom right corner, including what appears to be 'EFA', 'P', and 'Jub'.

málinu.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

**5.4. Ytri Sólheimar 1 – Umsókn um byggingarleyfi.**

Einar Freyr Elínarson vísar af fundi undir þessum lið.

Nefndin hafnaði því að veita byggingarleyfið á þeim forsendum að umfang verkefnisins væri slíkt að deiliskipuleggja þyrfti svæðinu.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

Einar Freyr kemur aftur inná fundinn.

Aðrir liðir fundargerðarinnar lagðir fram til kynningar.

George yfirgefur fundinn.

**6. Beiðni um framkvæmdaleyfi frá Vegagerð ríkisins.**

Lögð fram beiðni um framkvæmdaleyfi vegna hækkunar á grjótvörn/leiðigörðum við brú yfir Múlakvísl.

*Sveitarstjórn samþykkir útgáfu framkvæmdaleyfis.*

**7. Boð frá USVS um þátttöku á kaupum á Pannavelli.**

Lagt fram erindi frá Erlu Þóreyju Ólafsdóttur framkvæmdastjóra USVS þar sem sveitarfélaginu er boðið að taka þátt í að kaupa pannavöll.

*Sveitarstjórn samþykkir að veita 150.000 kr. til kaupa á pannavelli í samstarfi við USVS.*

**8. Beiðni um umsögn vegna Keif ehf.**

Fram var lögð beiðni um umsögn frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar um rekstrarleyfi vegna reksturs veitingastaðar í flokki II frá Sigurði Elíasi Guðmundssyni, kt. 291175-4229, f.h. Keif ehf., kt. 550216-0190.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við útgáfu leyfisins.*

**9. Erindi um staðsetningu ærslabelgs.**

Fram var lagt erindi f.h. áhugahóps um ærslabelg þar sem óskað var eftir því að sveitarstjórn endurskoðaði ákvörðun sína um að hann skyldi staðsettur á lóð Víkurskóla fyrir vestan sparkvöll.

*Sveitarstjórn þakkar framkomið erindi og vinnu hópsins við utanumhald söfnunarinnar. Ýmis rök hníga að því að ærslabelgurinn verði settur á þann stað sem sveitarstjórn samþykkti á fundi sínum 24. maí sl. Ærslabelgur fellur vel að leiksvæði sem þegar er á lóð Víkurskóla, þar er nóg af bílastæðum og ekki þarf að hafa áhyggjur af því að hann valdi ónæði. Samkvæmt raflagnateikningu og mælingum á því svæði sem áður var samþykkt að staðsetja ærslabelginn á mun hann ekki liggja yfir háspennulínunum eða lögnum eins og krafa er gerð um. Fyrri ákvörðun sveitarstjórnar verður því ekki breytt og sveitarstjóra er falið að vinna að uppsetningu ærslabelgsins sem kom til landsins 14. júní sl.*

**10. Ályktun frá Búnaðarfélagi Hvammshrepps.**

Fram var lögð ályktun frá aðalfundi Búnaðarfélags Hvammshrepps þar sem lýst var





áhyggjum yfir afhendingaröryggi raforku í sveitarfélaginu og að ekki sé til staðar varaafli fyrir fjarskiptamöstur.

*Sveitarstjórn þakkar fyrir framkomna ályktun þar sem framkoma áhyggjur af afhendingaröryggi á rafmagni í Mýrdalshreppi og að ekki sé til staðar nægilegt varaafli. Oddviti og sveitarstjóri hafa átt fund með forstjóra Rarik og munu áfram fylgja málinu eftir.*

**11. Ársreikningur Hjallatúns 2018.**

Fram var lagður ársreikningur Hjallatúns fyrir árið 2018.

*Sveitarstjórn staðfestir ársreikninginn.*

**12. Minnisblað vegna fundar með forstjóra Rarik.**

Fram var lagt til kynningar minnisblað af fundi sem oddviti og sveitarstjóri áttu með forstjóra Rarik.

**13. Innkaupareglur.**

*Samþykkt að fresta málinu til næsta fundar.*

Ragnheiður Högnadóttir vék af fundi.

**14. Ályktun um jöfnun raforkuverðs.**

Fram var lögð tillaga að ályktun þar sem skorað er á ráðherra ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunar að raforkuverð í dreifbýli og þéttbýli verði jafnað.

*Sveitarstjórn samþykkir ályktunina.*

**15. Nýlagning vegar að Smiðjuvegi 19.**

Ragnheiður kemur aftur inná fundinn.

*Sveitarstjórn samþykkir tillöguna.*

**16. Viðauki III við fjárhagsáætlun 2019.**

Fram var lögð viðaukatillaga við fjárhagsáætlun 2019 þar sem lagt er til að veita 5.000.000-kr. í nýlagningu vegar að Smiðjuvegi 19. og 4.000.000-kr. í frágang á grænum svæðum við Austurveg og Strandveg.

*Sveitarstjórn samþykkir viðaukann með þeirri breytingu að í stað fjöggurra milljóna króna í jarðvinnu og þökulögn við Austurveg og Strandveg, verði sáð í og borið á svæðið og í það áætluð ein milljón króna.*

**17. Kjör oddvita og varaoddvita.**

*Sveitarstjórn samþykkir að Einar Freyr Elínarson verði oddviti og Ingi Már Björnsson varaoddviti til eins árs.*

**18. Niðurfelling fundar í júlí.**

Fram var lögð tillaga um að reglulegur fundur sveitarstjórnar í júlí verði felldur niður.

*Sveitarstjórn samþykkir tillöguna.*

**19. Viðtalstími sveitarstjórnarmanna.**



Sveitarstjórn tekur undir að þörf sé á að sporna við eiturlyfjaneyslu í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að kalla saman þar til bæra aðila á fund svo fljótt sem auðið er til að halda áfram vinnu við forvarnarstarf sem hafið var síðastliðinn vetur.

Sveitarstjórn hefur skilning á því að húsnæði bókasafnsins sé of lítið og óhentugt. Engin lausn er í sjónmáli eins og er en leitað verður leiða til að finna því stað svo fljótt sem auðið er.

## 20. Minnisblað af íbúafundi.

Lagt fram til kynningar. Sveitarstjórn þakkar íbúum fyrir fundinn og fyrir þær ábendingar sem þar komu fram.

## 21. Lánveiting til Hjallatúns.

Lagt er til að sveitarstjóra verði heimilað að veita Hjallatúni lán allt að 5.500.000- kr. til reksturs hjúkrunarheimilisins.

Sveitarstjórn samþykkir tillöguna.

## 22. Fundargerðir til kynningar.

Eftirfarandi fundargerðir voru lagðar fram til kynningar:

Fundargerð 113. fundar samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags leikskólakennara, haldinn 17. apríl 2019.

Fundargerð 196. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands, haldinn 9. maí 2019.

Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum og honum slitið kl. 18:50




Einar Freyr Elínarson, oddviti




Ingi Már Björnsson



Drífa Bjarnadóttir



Ragnheiður Högnadóttir



Páll Tómasson